



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

HEIM2NH05

Kennari	Atli Þorsteinsson, atli.thorsteinsson@fss.is Inngangur að nútímaheimspeki	
Viðtalstími	Föstudagar klukkan 11:25 til 12:05 á kennarastofu	
Námsefni	Kennslubókin Heimspeki fyrir þig eftir þá Ármann Þorvaldsson og Róbert Jack. Til bæði sem kilja og sem rafbók. Annað efni er á kennslusíðu áfangans m.fss.is Nemandi þarf einnig að kaupa sérstaka glósubók fyrir þennan áfanga.	
Áfangalýsing	Áfanginn er almenn kynning á heimspeki sem fræðigrein. Söguleg staða vestrænnar heimspeki innan fræðigreina útskýrð og tengsl við hugvísindi. Sérkenni heimspekinnar tekin fyrir. Fjallað verður um helstu heimspekinga og kenningar vestrænnar heimspekisögu.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að standast áfangann verða nemendur að fá a.m.k. 5 í meðaleinkunn í kaflaprófum. Nemendur geta tekið <u>eitt próf</u> upp í lok annar ef þeir stóðust ekki lágmarkskröfur.	
	Athugið að í þessum áfanga er enginn stoðtími í lok annar til þess að vinna upp verkefni. Öllum verkefnum skal skila á réttum tíma, skilafrestir í moodle eru endanlegir.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Hlutapróf	60 %
	Vinnustofur	10 %
	Verkefnabók	30 %
	- Hugtakaverkefni	- 10 %
	- Umræðuverkefni	- 40 %
	- Sköpun og skilningur	- 30%
	- Smáverkefni	- 20%

Reglur áfanga	Stundvísi og mæting - Nemendur eiga að vera sestir og tilbúnir með gögnin sín (bækur, tölvu, stílabók) þegar tíminn hefst. - Ef nemandi mætir eftir að farið er að fara yfir skipulag dagsins eða innlögn, bíður hann hljóðlega þar til færi gefst á að koma sér fyrir án þess að trufla vinnu annarra. Nemandi fær fjarvist fyrir tímann eftir 10 mínútur frá því að tími hefst samkv. stundaskrá og nemandi ekki mættur - Að mæta tilbúinn þýðir líka að hafa hlaðið tölvuna heima og vera búinn að kynna sér áætlun dagsins (t.d. á Moodle). Vönduð vinnubrögð - Verkefnum skal skilað á réttum tíma í viðeigandi kerfi. Síðbúin skil án gildra ástæðna (eða læknisvottorðs) valda prósentulækkun eða að verkefnið sé aðeins metið til staðist/fallið. - Öll textagerð og heimildavinna á að vera eigin texti nemandans. Ritstuldur, óheft notkun á gervigreind án heimildaskráningar eða afritun frá samnemendum leiðir til þess að verkefnið fær felleinkunn og er vísað til stjórnenda. - Allar fullyrðingar í stærri verkefnum skulu studdar rökum eða heimildum. Frágangur á að vera snyrtilegur og fylgja þeim sniðmátum sem gefin eru upp. Gott námsumhverfi - Símar eiga að vera í töskum (eða í símahólfi) á meðan á innlögn eða hópavinnu stendur, nema annað sé tekið fram. Tölvur eru eingöngu notaðar til að sinna verkefnum áfangans, ekki til að vafra á samfélagsmiðlum eða spila leiki. - Í umræðum (sérstaklega um flókin eða viðkvæm málefni) ræðum við hugmyndir en ráðumst ekki á persónur. Allir eiga rétt á að tjá sig án þess að af þeim sé hlegið eða gert lítið úr þeim. Við hlustum þegar aðrir tala. - Við göngum vel um borð og stóla og skiljum við stofuna eins og við viljum koma að henni. Hreyfing og spjall eiga heima í hópavinnu, en þegar unnið er að einstaklings verkefnum ríkir vinnustofu stemning (hljóð og einbeiting).
-----------------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	<u>Gervigreindarsáttmáli</u> 1. Gervigreind er aðstoðarmaður – ekki staðgengill - Við megum nota gervigreind til að fá hugmyndir (brainstorming), skipuleggja vinnuna, lesa yfir eigin texta og útskýra flókin hugtök. - Við leyfum gervigreindinni aldrei að skrifa heilu málsgreinarnar eða verkefnin fyrir okkur. Textinn sem við skilum á alltaf að vera okkar eigin orð og endurspeglar okkar eigin skilning. 2. Við berum ábyrgð á staðreyndunum - Gervigreind á það til að skálda hluti eða misskilja samhengi (sérstaklega í sögu og heimspeki). - Við samþykkjum að treysta gervigreindinni aldrei blint. Allar staðreyndir, ártöl, nöfn og fullyrðingar verðum við að sannreyna með áreiðanlegum heimildum (svo sem kennslubókum eða viðurkenndum vefsíðum).
---	--

	3. Gagnsæi og heiðarleiki - Ef gervigreind spilar stórt hlutverk í undirbúningi verkefnis, komum við hreint fram. - Við sammælumst um að geta þess í stuttri athugasemd eða neðanmálsgrein hvernig tæknin var notuð (t.d. „Notast var við Gemini til að fínþússa málfar í meginmáli“ eða „ChatGPT var notað til að finna hugmyndir að ritgerðarefni“). 4. Traust og rökstuðningur - Kennarinn treystir því að nemendur skili eigin vinnu. - Ef upp kemur rökstuddur grunur um að verkefni sé að öllu eða mestu leyti skrifað af gervigreind, á kennarinn rétt á að biðja nemandann um að útskýra efni verkefnisins og rökfærsluna á bak við það í stuttu spjalli.
--	---

Grunnþættir menntunar	Í þessum áfanga í heimspeki fléttast allir sex grunnþættir menntunar markvisst inn í námið, enda eiga allir grunnþættirnir sér rætur í gagnrýnni hugsun, ígrundun og lýðræðislegu gildismati á sama hátt og heimspekin sjálf. Markmiðið er að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, samfélaginu og heiminum öllum. Lýðræði og mannréttindi ásamt jafnrétti eru kjarninn í mörgum viðfangsefnum fagsins, sérstaklega í siðfræði og stjórnspeki. Nemendur takast á við siðferðileg álitamál, greina hugmyndir um réttlæti og manngildi, og skoða á gagnrýnninn hátt viðteknar hugmyndir samfélagsins til að átta sig á þeim aðstæðum sem geta leitt til mismununar eða forréttinda. Rík áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi. Í heimspeki snýst læsi um færni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýnninn hátt. Nemendur þjálfast í að rýna í flókin viðfangsefni, greina rökfærslur, taka afstöðu og verða virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu úr því sem þeir lesa og ræða. Sjálfbærni er rannsökuð meðal annars í gegnum umhverfissiðfræði. Þar ræða nemendur ábyrgð mannsins gagnvart vistkerfi jarðar og réttlæti á milli kynslóða, þannig að mæta megi þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Tilvistarleit heimspekinnar tengist heilbrigði og velferð beinum böndum. Hugtök eins og hið góða líf, dyggðir og hamingjan eru krufin til mergjar. Með því að fá rými til að nýta styrkleika sína, efla skilning á eigin tilfinningum og annarra, og ígrunda eigin lífsskoðanir byggja nemendur upp jákvæða sjálfsmynd og andlega vellíðan. Að lokum er sköpun órjúfanlegur hluti af vinnulagi heimspekinnar. Sköpun hér byggist á forvitni, gagnrýnni hugsun og leit að nýjum möguleikum. Nemendur hagnýta sér hugmyndir, beita hugsanatílaunum, brjóta upp hefðbundin mynstur og finna nýja sýn á viðteknar hugmyndir til að leysa krefjandi viðfangsefni.
-----------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - sögu vestrænnar heimspeki - sérstöðu fræðigreinarinnar heimspeki meðal vísindanna - helstu heimspekingum sögunnar og stefnum þeirra - helstu aðgreiningar, kenningar og lögmál heimspekinnar.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - beita heimspekinni á ólík vandamál, hvort sem þau eru siðferðilegs eðlis eða þekkingarfræðileg - aðgreina heimspekileg vandamál frá öðrum vandamálum - beita heimspekilegri nálgun á einfalda texta - taka þátt í heimspekilegri rökræðu, bæði með virkri hlustun og rökstuddri afstöðu til að: - taka þátt í heimspekilegri rökræðu, bæði með því að beita gagnrýnni hugsun, virða skoðanir annarra og vera tilbúinn til að taka gagnrýni á uppbyggilegan máta.
Hæfni 	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt og geta brugðist við og tjáð skoðanir sínar um efni þeirra með umræðum og skriflegum verkefnum. - lesa á milli línanna og átta sig á dýpri merkingu texta. - tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum við ólíka. - skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar af talsverðu öryggi og bregðast við viðmælendum. - skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín. - skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga hverju sinni. - leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra. - þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Kvikmyndaverkefni	10 klst.	10 klst.
Alls		102 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kennslustund 1: <i>Inngangur og kynning, hópefli</i> Kennslustund 2: <i>Hvað eru rök? innlög</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
2. vika 24.-28. ágúst	Kennslustund 3: <i>Algengar rökvillur</i> Kennslustund 4: <i>Upprifjun</i> Kennslustund 5: <i>Úr hverju er heimurinn</i> Kennslustund 6: <i>Pales, Heraklitos og skip pesósar</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
3. vika 31. ágúst-4. september	Kennslustund 7: <i>Parmenides, Empedokles og Demókrítos</i> Kennslustund 8: <i>Platon, Aróstótes, umræður og upprifjun.</i> Kennslustund 9: <i>Einhyggja, tvíhyggja eða vélhyggja</i> Kennslustund 10: <i>Ódauðleg sál eða tvíhyggja</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
4. vika 7.-11. september	Kennslustund 11: <i>Vélhyggja og efnishyggja</i> Kennslustund 12: <i>Samantekt, umræður og upprifjun</i> Kennslustund 13: <i>Þekking innlög</i> Kennslustund 14: <i>Þekking Aristótelesar og fjölgreindir</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
5. vika 14.-18. september	Kennslustund 15: <i>Vísindabyltingar, vísindaleg þekking og stílar vísinda</i> Kennslustund 16: <i>Upprifjun, umræður og samantekt</i> Kennslustund 17: <i>Tækni innlög</i> Kennslustund 18: <i>Tæknilegur hugsunarháttur</i>	Ýmiss verkefni
6. vika 21.-25. september	Kennslustund 19: <i>Þjargráðið, siðferði og tækni</i> Kennslustund 20: <i>Upprifjun og próf</i> Kennslustund 21: <i>Tal innlög</i> Kennslustund 22: <i>Málgjörðir og samræðan</i>	Ýmiss verkefni sjá moodle; Kaflapróf 1 (Kaflar 1-5)
7. vika 28. september-2. október	Kennslustund 23: <i>Orrahrið samræðunnar</i> Kennslustund 24: <i>Upprifjun, umræður og samantekt</i> Kennslustund 25: <i>Breytni innlög</i> Kennslustund 26: <i>Skyldusiðfræði og nytjasiðfræði</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
8. vika 5.-9. október	Kennslustund 27: <i>Klípusögur, frelsi og gagnrýni, nytjasiðfræði í nútímanum.</i> Kennslustund 28: <i>Upprifjun og samantekt</i> Kennslustund 29: <i>The Matrix</i> Kennslustund 30: <i>The Matrix</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle Horft á kvikmyndina The Matrix
9. vika 12.-16. október Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.	Kennslustund 31: <i>The Matrix</i> Kennslustund 32: <i>The Matrix</i> Kennslustund 33: <i>Ríki innlög</i> Kennslustund 34: <i>Fagraborg Platons</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle Skil á Matrix verkefni
10. vika 19.-23. október Vetrarleyfi 23. október	Kennslustund 35: <i>Stjórnkerfi Aristótelesar</i> Kennslustund 36: <i>Upprifjun, umræður og samantekt</i> Kennslustund 37: <i>Sátt innlög</i> Kennslustund 38: <i>Levítan og borgaralegt samfélag</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle

Virðing, samvinna og árangur

11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Kennslustund 39: <i>Sáttmáli byggður á fávísi, lágmarksríkið</i> Kennslustund 40: <i>Upprifjun og samantekt</i> Kennslustund 41: <i>Innlögn réttur</i> Kennslustund 42: <i>Einkenni laga, löglegt en siðlaust.</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
12. vika 2.-6. nóvember	Kennslustund 43: <i>Refsingar, upprifjun</i> Kennslustund 44: <i>Upprifjun og próf</i> Kennslustund 45: <i>Speki innlögn</i> Kennslustund 46: <i>Hundingjar og efahyggja</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle Próf 2 (Kafar 6 til 10 ásamt Matrix)
13. vika 9.-13. nóvember	Kennslustund 47: <i>Epíkúrismi og Stóuspeki</i> Kennslustund 48: <i>Upprifjun og samantekt</i> Kennslustund 49: <i>Vegur innlögn</i> Kennslustund 50: <i>Búdda og Daó</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
14. vika 16.-20. nóvember	Kennslustund 51: <i>Zen</i> Kennslustund 52: <i>Upprifjun, umræður og samantekt</i> Kennslustund 53: <i>Trú innlögn</i> Kennslustund 54: <i>Tilvist Guðs og Veðmál Pascals</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Kennslustund 55: <i>Andleg upplifun, AA leiðin og eftir Krist</i> Kennslustund 56: <i>Upprifjun og samantekt</i> Kennslustund 57: <i>Tóm innlögn</i> Kennslustund 58: <i>Bölsýnisvandinn, Guð er dauður og ofurmennið</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle
16. vika 30. nóvember-4. desember	Kennslustund 59: <i>Angist, ábyrgð og óheilindi</i> Kennslustund 60: <i>Upprifjun</i> Kennslustund 61: <i>Platon og eftirlýkingar</i> Kennslustund 62: <i>Schopenhauer um tónlist</i> Kennslustund 63: <i>Upprifjun og próf</i> Kennslustund 64: <i>Upptökupróf</i>	Ýmiss verkefni sjá áætlun í moodle Próf 3 (Kafar 11 til 16)

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Atli Þorsteinsson